

Skýrslur um umhverfismat FSÍ :

Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við álver í Reyðarfirði

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Adolf Friðriksson



Reykjavík 1999

Fornleifastofnun Íslands

FS093-9912

© Fornleifastofnun Íslands 1999

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Efni

Samantekt.....	4
1. kafli Inngangur	5
2. kafli Um umhverfismat vegna fornminjagæslu.....	6
3. kafli Rannsóknarsvæðið.....	6
4. kafli Niðurstöður	7
Viðauki: Fornleifaskrá	9
SM-134 Hólmar	11
SM-136 Sómastaðir.....	19
SM-137 Sómastaðagerði	24
Heimildir:	26

Mynd 1: Yfirlitskort yfir fornleifar á svæðinu

Mynd 2: Loftmynd af staðsetningu álvers og þekktum fornleifum á athafnasvæðinu

Samantekt

- Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og í næsta nágrenni þess eru a.m.k. 50 fornleifar.
- Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum um byggingu álvers á Reyðarfirði eru 11 minjastaðir í hættu:

SM-134:005	<i>Hraun</i>
SM-134:007	<i>Valhöll</i>
SM-134:025	<i>Krókur/Flateyri</i>
SM-137:001	<i>Sómastaðagerði</i>
SM-137:002	tóft
SM-137:003	hleðsla
SM-137:004	hleðsla
SM-137:005	tóftir
SM-137:006	tóft
SM-136:015	tóft/hleðsla
SM-136:016	tóft
- A.m.k. 7 minjastaðir eru í nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði: SM-136:001 Sómastaðir, SM-136:002 útihús, SM-136:003, SM-136:006 myllutóft, SM136:008 hesthústóft, SM-136:010 garðlag og SM-136:012 vegghleðsla. Einnig eru heimildir um kirkju á Sómastöðum (SM-136:003) en ekki vitað hvar hún stóð.
- Allar fornleifar eru friðaðar samkvæmt lögum.
- Fornleifanefnd getur veitt heimild til þess að fornleifar verði látnar víkja og setur skilmála það að lútandi.
- Ef fornleifar verða að víkja vegna framkvæmda, er nauðsynlegt að gera þar rannsókn. Greiðir framkvæmdaaðili rannsóknarkostnað.
- Mikilvægt er að öll umferð, efnistaka og frávik frá fyrirbyggjandi tillögum um byggingu álvers verði skoðuð með hliðsjón af fornleifaskrá svæðisins.
- Við umhverfismat er ekki unnt að gera endanlega eða tæmandi úttekt á minjafjölda á tilteknu svæði. Þrátt fyrir að ofangreindar upplýsingar um fornleifar byggi á rannsóknnum á heimildum og á vettvangi, er næsta víst að fleiri minjastaðir leynast undir sverði.

1. kafli Inngangur

Að ósk verkefnastjórnar *STAR* (Staðarvalsathuganir iðnaðarsvæða á Reyðarfirði) gerði Fornleifastofnun Íslands könnun á fornleifum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði vegna álvers í Reyðarfirði. Hafði Magnús Ásgeirsson milligöngu um verkið og veitti aðstoð við upplýsingaöflun og undirbúning.

Nær engar athuganir á fornleifum hafa verið gerðar á þessu svæði áður og er þetta því fyrsta fornleifaskrá í Reyðarfirði.

Oddgeir Hansson annaðist undirbúning að vettvangsvinnu í maí 1999. Tekin voru saman fyrirbyggjandi gögn um fornleifar sem liggja nærri fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum. Elín Ósk Hreiðarsdóttir gerði rannsóknir á vettvangi dagana 4., 5., og 6. júní og Adolf Friðriksson og Magnús Á. Sigurgeirsson 17. september 1999. Elín Ósk sá um úrvinnslu og skýrslugerð ásamt Adolf Friðrikssyni.

Markmið athugunarinnar var að kanna ritaðar heimildir um fornleifar á svæðinu, leita minja á vettvangi og leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda.

Við undirbúning rannsóknarinnar voru kort og ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar. Þá voru skráðar allar þekktar fornleifar í landi Hólma, Sómastaða og Sómastaðagerðis og þeim gefin kennitákn. Heildarskráning gerir kleift að leggja mat á áhrif framkvæmda með hliðsjón af minjaheild svæðisins og jafnframt er algengt að breytingar verði á áætlunum og er þá hagræði að því að hafa heildarskrá undir höndum við endurskoðun hönnunar og skipulag framkvæmda. Loks var leitað sérstaklega á vettvangi innan framkvæmdasvæðis og í næsta nágrenni þess að minjum sem enn kynnu þar að leynast þó svo engar vísbendingar væri að finna um þær í fyrirbyggjandi heimildum.

Í þessari skýrslu er fylgt hefðbundinni framsetningu FSÍ á nauðsynlegum gögnum við umhverfismat, þar sem greint er frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunar, takmörk rannsóknarsvæðis skilgreind, vettvangsrannsóknum lýst, og lagt mat á áhrif framkvæmda.

Höfundar vilja þakka Magnúsi Ásgeirssyni fyrir veitta aðstoð, og Þorvaldi Jónssyni fyrir margvíslegar upplýsingar um minjar og sögu svæðisins.

2. kafli Um umhverfismat vegna fornminjagæslu

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein Þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög með síðari breytingum), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta...". Auk Þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari nýju löggjöf.

Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í Þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við umhverfismatið, á sama hátt og gert er við fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar fornleifanefndar. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Hér er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati. Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornar mannvistarleifar er nýjung hér á landi. Viðurkennd aðferðafræði liggur ekki fyrir og þróun aðferða er skammt á veg komin. Enn er langt í land að unnt verði að skera úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd verði engin hættu á að minjar finnist þar við jarðrask. Þó miðar í þá átt að gerð sé markviss fornleifaleit í þágu undirbúnings að framkvæmdum.

3. kafli Rannsóknarsvæðið

Reyðarfjörður er lengstur Austfjarða en klofnar í tvo firði um Hólmanes, í hinn eiginlega Reyðarfjörð og Eskifjörð. Reyðarfjörður er umkringdur 600-1000 m háum blágrýtisfjöllum. Fjörðurinn er djúpur og beitiland er helst í bröttum hlíðum fjallanna umhverfis fjörðinn.

Fornleifaskráningin sem matið byggir á var látin fylgja gömlu hreppsmörkunum og voru fornleifar því skráðar frá vesturmerkjum Sómastaða að Bleiksá sem var áður á austurmerkjum Hólma. Voru allar þekktar fornleifar skráðar á þeim jörðum sem liggja undir framkvæmdasvæðinu, þ.e. Hólmar, Sómastaðir og Sómastaðagerði. Síðan var framkvæmdasvæðið sjálft athugað sérstaklega í leit að óþekktum minjum.

Ekki er ósennilegt að búseta hafi hafist í firðinum þegar á landnámsöld, en engar heimildir liggja fyrir um elstu byggð á þessu svæði. Kuml og leifar fornþæja eru helstu vísbendingar um mannavist í fornöld. Á Íslandi hafa fundist yfir 300 kuml, einkum vegna rofs eða rasks, en ekki er kunnugt um neinar kumlfundi á Reyðarfirði. Engar fornleifarannsóknir hafa til þessa verið gerðar á bæjartóftum eða öðrum minjaflokkum á svæðinu. Ekki er ósennilegt að landnámsminja sé helst að leita á eða nærri elstu bæjarstæðunum. Mjög víða á Íslandi hefur byggð haldist á sama stað, jafnvel á sama bæjarhólnum í aldaraðir – og því hafa fjölskrúðugar mannvistarleifar hlaðist þar upp. Utan bæjarstæðanna finnast síðan leifar fornra mannvirkja, einkum landbúnaðarminja, s.s. útihús, garðlög og tún. Við sjávarsíðuna finnast enn hér og þar leifar sjó- og verbúða og nausta frá ýmsum tímum. Sjaldgæft er að finna minjar um þinghald eða kaupskap, en mjög víða eru hins vegar leifar sem varða trúarsíði, s.s. kuml eða aðrir legstaðir, kirkjutóftir, og átrúnaðarstaðir af ýmsu tagi. Athyglisvert er að bústaðir trölla, drauga og huldufólks eru skilgreindir sem fornleifar samkvæmt löggjöfnni og njóta því friðunar á sama hátt og fornar mannvirkjaleifar. Á rannsóknarsvæðinu komu í ljós leifar af flestum tegundum minja og vísast til fornleifaskrár aftast í þessari skýrslu um nánari lýsingar á þeim.

4. kafli Niðurstöður

Heimildarannsóknir og vettvangskönnun á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði álvers í Reyðarfirði hafa leitt í ljós að á svæðinu eru a.m.k. 50 minjastaðir. Fæstir þeirra eru í uppnámi vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þó munu 11 staðir lenda undir sjálfu athafnasvæðinu, og 7 eru í næsta nágrenni þess.

Þeir sem lenda innan marka athafnasvæðisins eru:

- SM-134:005 *Hraun*

Samkvæmt fyrirliggjandi heimildum var býli stofnað á Hrauni 1890. Samkvæmt þjóðminjalögum eru öll mannvirki eldri en 100 ára friðuð. Nær sú friðhelgi því til mannvistarleifa á Hrauni. Þó að ekki liggi fyrir upplýsingar um að þarna séu minjar eldri en frá

ofanverðri 19. öld, hafa nýbýli, hjáleigur, beitarhús eða önnur útihús verið reist á tóftum eldri minja.

- SM-134:007 *Valhöll*

Valhöll er klettabelti milli Hrauns og Flateyrar. Þar á Hólmaskotta að hafa átt heima. Þjóðsögustaðir sem þessi njóta friðhelgi samkvæmt lögum.

- SM-137:001-006 *Sómastaðagerði o.fl.*

Sómastaðagerði er gömul hjáleiga frá Sómastöðum. Ekki er vitað hvenær þar var fyrst búið, býlið er skráð í jarðbók 1847. Nú hafa öll gömul mannvirki á bæjarstæðinu verið sléttuð en þar leynast eflaust enn leifar bæjarins undir sverðinum. Sunnan við Sómastaðagerði eru leifar frá búskap og sjómennsku sem stunduð hefur verið frá hjáleigunni og eða Sómastöðum. Þarna eru a.m.k. 2 útihús (002 og 006) í og við túnið, og ýmis mannvirki (003-005) við sjávarsíðuna.

- SM-134:025 *Krókur/Flateyri*

Krókur er afbýli vestarlega í landi Hólma sem fór í eyði um 1757 (skv. Olavíusi) en byggðist aftur um 1813 (skv. sóknalýsingu 1843). Á þessum stað stendur nú bærinn Flateyri. Þarna eru án efa talsverðar mannvistarleifar, a.m.k. frá 18. öld og síðar.

- SM-136:015-016.

Mannvistarleifar í vikinni vestan Mjóaness lenda innan framkvæmdasvæðisins. Er SM-136:015 e.k. hafnarbætur sem eru líklega frá þessari öld og njóta því ekki skilyrðislausrar friðunar skv. lögum. En æskilegt væri að varðveita þær sem minjar um sögu Reyðarfjarðar. Skammt ofan við víkina er lítil tóft, SM-136:016. Er það líklega leifar sjóbúðar. Um aldur hennar verður ekki sagt.

Auk ofangreindra minja eru eftirtaldir staðir í næsta nágrenni framkvæmdasvæðisins:

- SM-136:001 *Sómastaðir*
- SM-136:002 *útihús*
- SM-136:003 *bænhús*
- SM-136:006 *myllutóft*
- SM-136:008 *hesthústóft*
- SM-136:010 *garðlag*
- SM-136:012 *vegghleðsla*

Mikilvægt er að gæta að því við skipulag framkvæmda, að vegna umferðar vinnuvéla, efnistöku, o.þ.h. verði tekið mið af minjastöðum í námunda við sjálft byggingarsvæðið.


Viðauki: Fornleifaskrá


Hér að neðan er birt skrá um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og í nágrenni þess. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverri fornleif gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SM-166:001).

Skráin byggir á heimildakönnun og vettvangsvinnu. Mikið starf hefur verið unnið við söfnun örnefna á þessum slóðum og eru til varðveittar skrár yfir örnefni Hólma og Sómastaða. Auk örnefnaskráa var einkum stuðst við jarðabækur og túnakort. Nýttust allar þessar heimildir við athugunina, en við vettvangsathugun reyndust munnlegar upplýsingar staðkunnugra einnig drjúgar.

Skráin hefst á fornleifum í landi Hólma og þá Sómastaða og Sómastaðagerðis. Fyrsta númer í skránni er jafnan bærinn sjálfur, þá leifar í eða við tún og loks fornleifar utar í hverri landareign.

Fornleifakort af skráningarsvæðinu





Kirkjustaður, jarðardýrl. 12 hdr. JJ. bls. 375. "1760 er hér nefnd hjáleiga, Krókur, en Bauluhús eigi fyrr en nú hjá sýslumanni og presti." JJ, bls. 375, nmgr. "Hólmar eru allgóð jörð til búskapar engjar voru votlendar og grasgefnar frá Hörganesi og inn undir bæ og fram með fjalli. Beitiland gott fyrir sauðfé, en lakari kúahagar, og áttu kýr illa hey af túninu, sem var raklent. Ræktunarmöguleikar eru enn talsverðir, m.a. á framræstu landi. Eskfirðingar nytjuðu jörðina mjög frá 1930 og þangað til fram um 1950 til heyöflunar fyrir gripaeigendur í kauptúninu, þurrkuðu mýrar og ræktuðu tún" Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 144. "Landamerki milli Sómastaða og Hólma eru Grjótá frá fjöru til fjalls, sem kemur úr Grjórárdal milli Sómastaðatinds og Hólmatinds." Ö-Hólmar, bls.1 "Hólmar standa niðri undir sjó skammt undan suðausturhlíðum Hólmatinds. Upphafleg landamörk við Sómastaði eru við Grjótá, liggja yfir tindinn og niður að Miðstrandarsteini á Hólmaströnd og Eskifjarðarmegin, en núverandi mörk við Flateyri úr lækjarósi beina línu í Selklett í fjallshlíðinni. Flateyri og Staðarhraun voru hjáleigur frá Hólmanum. Þegar mörkum Reyðarfjarðar- og Eskifjarðarhrepps var breytt 1968 var markalínan sett af austurröð Hólmatinds, út á há-Hólmaás og um mitt Hólmanes út á nestána.

Tún 8,3 Ha.Garðar 1099 m²

SM-134:001 *Hólmar* bæjarhóll bústaður 65°02.341N 14°03.609V
Gamli bærinn á Hólmmum sem merktur er inn á túnakort stendur í raun enn á sínum stað þó að svo miklar endurbætur hafi farið fram á húsinu að deila má um hvort í raun sé um sama hús að ræða. Timburhús var byggt þarna fyrir 1874 en þá stóð þriggja bursta torfbær beint vestan við timburhúsið. Sá bær hefur líklega einnig staðið eitthvað sunnar. Af ljósmynd sem tekin er árið 1907 að dæma hefur verið byggt við timburhúsið til vesturs og er líklegt að þá hafi gamli bærinn verið horfinn. Síðar voru byggð steipt útihús suðvestan við timburhúsið og er líklegt að þau standi að hluta á þeim stað sem gamli bærinn var. Steipt var utan um timburhúsið á Hólmmum 1949 og 1951 var rífið innan úr því og það innréttað að nýju. Ekki er greinanlegur bæjarhóll á svæðinu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort.

SM-134:002 kirkjugarður legstaður 65°02.341N 14°03.638V
Kirkjugarður er beint fyrir sunnan bæinn að Hólmmum. Garðurinn er í um 10 m fjarlægð frá íbúðarhúsinu og hann er afgirtur. Kirkjan var flutt að Búðareyri 1909 en hlaðinn grunnur hennar er þó enn greinanlegur í kirkjugarðinum. Þessi grunnur er nú í garðinum miðjum en ljósmyndir sýna að kirkjan var ekki í garðinum miðjum á 19. öld heldur var kirkjugarðurinn alfarið vestan við hana. Skriðuföll og snjóflóð hafa breytt nokkru þar um og féll flóð á garðinn um miðja öldina og raskaði lögun hans nokkuð. Elsta heimildin sem vitað er um Hólma er kirknatal Páls biskups Jónssonar frá um 1200. "Hólmar voru kirkjugarður og prestsetur Reyðarfjarðarhrepps um aldir, fyrsti prestur, sem heimildir eru um, Oddur, um 1380-1396 nafngreindur í Vilchinsmáldaga. Hólmasókn var Reyðarfjarðarbyggð öll frá Vaðlavík að hreppamörkum við Fáskrúðsfjörð. Árið 1899 var sókninni skipt og stofnuð Eskifjarðarkirkja, árið 1909 var Hólmakirkja flutt að Búðareyri, og 1930 hvarf prestur frá Hólmmum í Eskifjörð. Jörðin er eign ríkisins (Kirkjujarðasjóds)". "Hólmar þóttu úrvals brauð til stundlegrar velgengni og komu 1854 (Brauðmat) næst á eftir Hofi í Vopnafirði og Heydölum í tekjuröð brauða í Múlaþingi með 491 ríkisdal og 24 skildinga í hreinar tekjur." Garðurinn er sléttaður og girtur af með vírgirðingu og í honum má sjá leifar kirkjugrunnsins. Vestasti hluti garðsins varð undir skriðu sem féll úr hlíðinni ofan Hólma um öldina miðja og var hann eftir það stytur. Í garðinum eru nokkur leiði, m.a. legsteinar í kirkjugarðsgrunninum sem hafa líklega verið fluttir þangað eftir að skriðan hafði skemmt garðinn. Garðurinn er nokkuð sléttur og samtals afmarkar girðingin umhverfis hann um 25 X 28 m. Kirkjugrunnurinn er hins vegar um 7,5 X 4,5 m á stærð.

Heimildir: Túnakort og Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 142-143.

SM-134:003 *Völvuleiði* þjóðsaga 65°03.051N 14°01.534V
"Efst á Hólmahálsi rétt út og niður af Langhamraendum er lítill grashóll, kallaður Völvuleiði. Það var trú manna, að völvan verði Reyðarfjörð öllum ágangi. Þegar Tyrkir voru á ferð, þá var rjúkandi vestanstormur á Reyðarfirði, svo þeir komust ekki inn." "Á utanverðum Hólmahálsi í Reyðarfirði er steinn, er kallaður er Hvíldarsteinn, og stendur rétt hjá alfaraveginum. Hjá steininum er grænn grasblettur, er nefnist Völvuleiði og er sú saga til: Völva ein bjó á Sómastöðum í Reyðarfirði, nokkru fyrir þann tíma, er Tyrkir rændu hér við land (1627). Áður en hún andaðist, lagði hún svo fyrir, að sig skyldi grafa þar, sem best væri útsýn yfir Reyðarfjörð, og kvað þá aldrei fjörðinn mundu rændan af sjó meðan nokkurt bein væri óbrotið í sjer. - Þegar Tyrkir komu að Austfjörðum, hugðu þeir sér til hreyfings að sigla inn Reyðarfjörð og ræna

Hólmakirkju og kaupstaðinn að Breiðuvíkurstekki. Þóttust þeir eiga þar fangsvon góða. En er þeir komu á fjarðarmynnið, kom á móti þeim geysandi stormur, svo að fjöll þakti í sjávarroki beggja megin fjarðarins. Urðu þeir þar frá að hverfa við svo búíð. - Aðrir segja, að þeim hafi þótt svo að sjá inn til fjarðarins sem þar brynni bæði lönd og lögur. Í austurtúninu á Hólmmum getur að líta nokkra ljósleita steina, er standa þar upp úr þúfunum. Segja menn, að það séu legsteinar barna þeirra sömu völu, er grafin er á hálsinum. Var það trú manna, að með því að slá á þá mætti láta koma niður úr hverri átt, er vildi. " Á svipuðum stað grandaðist einnig þýsk herflugvél 1941 og var það enn til að styrkja tiltrú manna á mátt völvunnar. Völvuleiðið er nálægt merkjum, eiginlega ná þau um staðinn. Frá veginum að Eskifirði liggur merkt leið upp að leiðinu en á því hefur nýlega verið hlaðin stór varða. Völvuleiðið er á snarbröttu klettabelti ofan vegar í Hólmahálshlíðinni.

Heimildir: Ö-Hólmar, bls. 4 og Eskja, 154-155.

SM-134:004 *Hólshús* heimild um útihús 65°02.344N 14°03.788V
 "Grundarhús er í túninu og lækurinn fyrir utan hann. Svo eru Hólshús." Hólshús voru á hól vestan við bæinn og bæjarlækinn. Ekki sést til húsanna í dag en þau voru rifin fyrir nokkru. Hólshús voru um 50 m (tæpum) vestan við bæinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hólmar, bls. 4.


SM-134:005 *Hraun tóft*
 "Staðarhraun heitir býlið eftir klettaborg utan við bæinn, en er í daglegu tali nefnt Hraun. Staðarhraun er hjáleiga frá Hólmmum eða nýbýli stofnað um eða rétt eftir 1890." Hraun var byggt út úr landi Hólma og er ekki getið sem sjálfstæðs býlis í Jarðaskrá Johnsens. Inn á túnakort eru merkt hús sem hafa verið rétt neðan við bæinn sem þarna stendur í dag. Heimildamann rámaði í útihús á þessum stað en líklega hafa það verið tóftir gamla bæjarins sem um getur í *Sveitir og jarðir í Múlapingi III* en þar stendur á blaðsíðu 148: "Torfbær með timburþili niður að sjónum, um 8 X 4 m, annar stafn áfastur kletti, baðstofa í einu lagi uppi, fjós og eldhús niðri. Aflagður til íbúðar um '30, notaður fyrir hlöðu til '54 og þá rifinn." Þarna er nú hlað framan við steinhúsið og einhver smá veggjarbrot, hjá klettinum, sjást enn. Leifarnar mynda ekki nokkra heild, sýna aðeins að þarna hafa einhver mannvirki staðið.

Hættumat: hætta vegna álvers.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlapingi, 148 og túnakort.

býli


65°02.082N 14°05.687V



SM-134:006

hlöðutóft

65°02.597N 14°01.673V



Töluverður ruglingur virðist vera á örnefnum austan við Hólma. Tóft sú sem hér um ræðir er í Eskju sögð vera hlöðutóft í Stekkjartúni en hún er mjög norðanlega (ofarlega) á Leiðarhöfði sem skagar út í Reyðarfjörðinn frá norðurströndinni. Norðan við höfðann í vesturhluta þess landsvæðis sem tengir höfðann landi er tóftin. Hún er neðan við klettabjarg sem er beint norður af Eskifjarðarveginum. Örnefnið Stekkjartún bendir til þess að stekkur hafi verið á svæðinu og í *Sveitir og jarðir í Múlaþingi III* kemur fram að lítil tóft niður á tanganum hefur bæði gengið undir nafninu Eneshús og Stekkjarvík. Fellur þetta vel við

tóftinar á svæðinu en í sömu bók stendur einnig: "Í *Eskju I* segir að upp af Leiðarhöfða sé Stekkjartún og þar muni stekkur hafa staðið í túni" (bls.120). Á þessum stað er Stefán nokkur Diðriksson sagður hafa búið sumarið 1830. Hvergi er minnst á að nokkrar leifar stekksins séu að finna og ekki rakst skrásetjari á aðrar í Stekkjartúni sem er upp af Leiðarhöfða en þessi sú sem hér er nefnd og því hlýtur tóftin alveg að vera horfin, frásögnin röng eða hlöðutóftin er einfaldlega upphaflega af stekki. Tóftirnar eru í grónum en þýfðum haga sem nær frá fyrrnefndum björgum og niður að sjó. Hún er eitt hólf. Nokkrar hleðslur má greina í suðurhluta hennar en op er á henni til suðurs. Tóftin er nokkuð djúp eða um 1,5 m á hæð þar sem hún er hæst. Hún er 6,5 X 7 m að stærð að utanmáli.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: *Sveitir og jarðir í Múlaþingi III*, 142 og *Eskja I*, 119.

SM-134:007 *Valhöll*

þjóðsaga um draug

65°02.112N 14°05.472V

"Valhöll heitir klettabelti milli Hrauns og Flateyrar. Hólmaskotta átti heima í Valhöll". Valhöll er milli Hrauns- og Flateyrarbæjanna er klettabelti í fjörunni sem snýr norður og suður. Beltið er mjög gróið en þó greinilegt.


Hættumat: mikil hætta vegna álvers.

Heimildir: Ö-Hólmar, bls. 1.

SM-134:008 *Torgarhús*

hesthústóft

65°02.752N 14°03.784V



"Þá er nafnlaus fjara, er í [fellur]... lækur, sem rennur niður Hólmatún. Hann kemur úr Torgargjá, kallaður Torgarhúslækur eða Bæjarlækur. Torgarhús var hesthús, en dró nafn af Torgargjá." Tóftin er efst í þýfðu túni vestan lækjarsprænu. Torgarhús sjást enn um 10 m vestan Torgarlækjar og heimreiðar. Tóftin er líklega milli 50-60 m sunnan vegarins til Eskifjarðar. Hún er eitt hólf og 10,5 X 5 m að stærð. Op er á tóftinni til suðurs. Leifar garðlags eystri veggjar má greina lengra til suður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hólmar, bls. 1.

SM-134:009 *Tíðanaust*

heimild um lendingu

65°02.281N 14°03.583V

"Þá koma Hólmasklappir. Fyrsta klöppin (næst) heitir Bæjarklöpp. Þar næst heitir Tíðanaust; við hana lenti fólk, sem var að fara til tíða." Beint niður af bænum er við sjávarmálið Bæjarklöpp. Austur af henni kemur vík og enn austar Tíðanaust. Tíðanaust er klöpp í sjóinn en í hana er skora eða vík þar sem skip voru tekin upp. Merki þessa staðar eru enn greinileg.


Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hólmar.

SM-134:010 *Salthúsklöpp* tóft

65°02.228N 14°03.347V

"Næst [á eftir Tíðanausti] er Salthúsklöpp. Klöppin hefur einnig verið nefnd Sjóhúsklöpp en talið er að það sé yngra örnefni. Milli 50-60 m austan við Tíðnaust er tóft af húsi. Tóftin stendur á grasbala 10-15 m norðan við sjávarmálið. Hún er 4 X 3 m að utanmáli, eitt hólf með op til vesturs. Tóftin er nýleg, hún er hlaðin í 1,6-1,7 m og þar ofan á er smá torflag. Í suðurhluta tóftanna er hella í gólfi.




Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hólmar, bls. 1 og Eskja I, 116.

SM-134:011 *Hjallahraun* tóft

65°02.259N 14°03.378V

"Upp af henni (Salthúsklöpp) er Hjallahraun. Þar var hjallur og þurrkaður fiskur" Tóft er í Hjallahrauni um 60 m beint ofan við (norður) af 010. Tóftin var lengi vel notuð sem fjárhús. Tóftin er eitt hólf, 6 X 3 m á stærð. Op er á tóftinni til austurs. Tóftin er mest hlaðin í um 1,5 m hæð og eins og í 010 er þar þunnt, tyrft lag ofan á.



Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hólmar, bls. 1.

SM-134:012 *Hörganes* heimild

65°02.357N 14°02.442V

"Þá er Hörganes; þar eru rústir af hörgum." Hörganesið nær út í Reyðarfjörðinn nokkurn veginn í landareigninni miðri. Girðing gengur upp af nesinu og áfram til norðurs. Þarna eru klettur í sjóinn og gróið nes. Ekki fann skrásetjari neinar mannvistarleifar á svæðinu.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hólmar, bls. 2.

SM-134:013 *Leiðarhöfði* heimild um þingstað

65°02.382N 14°01.683V

"Næst er Leiðarhöfðavík. Hana myndar hár höfði kallaður Leiðarhöfði. Þar er álitíð, að verið hafi leiðarþing í fornöld." Leiðarvík er áberandi höfði út í sjó, skammt vestan við Hólmanesið. Nesið er gróið en klettabelti liggur um það þvert frá austri til vesturs. Ekki eru greinanlegar fornlegar tóftir á höfðanum en nýlegar tóftir sem tengjast sjómennsku eru í vesturfjöru höfðans. Tanginn er að mestu gróinn en undirlendi er ekki mjög mikið á höfðanum sjálfum, ofan eða norðan við hann er þó meira rými en ekki sjáanlegar neinar leifar sem gætu bent til þinghalds.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hólmar, bls. 2.

SM-134:014 *Árnaból*

garðlag

65°02.653N 14°00.821V

"Næst úr við sjó heitir Hrútatangi, þá Árnaból. Hann [Árni] bjó á Baulhúsum; hann hafði naut í afrétt í Árnabólum." Árnaból eru utan og neðan við innri borgina. Nokkur garðlög eru á þessum stað og það greinilegasta er milli tveggja kletta, í eins konar skoru í Hólmanesi. Garðurinn er milli 30-40 m og um 0,3 m hár. Hann nær á milli tveggja kletta og lokar fyrir útgöngu á svæðinu.


Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hólmar, bls. 2.

SM-134:015 *Baulhús*

býlistóftir

65°02.919N 14°00.698V



Baulhús eða Bauluhús voru áður einnig nefnd Sauðaból. "Þá er Baula, klettur laus við land; af henni draga Baul(u)hús nafn. Bauluhúsavík nær frá Skeleyri að Bólum, en Baula stendur í vikinni. Þá er býlið Bauluhús(líka beitarhús). Upp frá Bauluhúsum liggur Baluluhúsadalur."

"Baulhús voru afbýli frá Hólmum og munu hafa byggst fyrst um 1830 og nafn þess í öndverðu jafnan ritað Bauluhús. Býlið er nefnt í sóknarlýsingu 1843 og þá sagt hafa verið í byggð í 14 ár. Það lagðist í eyði 1845 og var í eyði til 1909, er Tryggvi Hallgrímsson póstur settist þar að, eftir að skriðuhlaupin höfðu stórskemmt fyrri ábúðarjörð hans Borgir í Eskifirði. Hann bjó þar til 1916 og síðan Jón Kr. Jónsson skraddari eitt ár og síðastur."

Tóftirnar standa í þýfðum og grösugum haga,

mitt á milli vegar og sjávar rétt norðan við Hólmanesið. Tóftirnar eru nær sjónum en Eskifjarðarveginum. Þarna er grasvaxin hlíð frá veg og klettaborgum niður að sjó. Á þessu svæði eru fimm tóftir. Sú efsta er ferhyrnd, 8 X 10 m á stærð og 0,3 m á hæð. Um 10 m norðaustan hennar er önnur tóft sem er eitt hólf, 11,5 X 6 m á stærð. Þessi tóft samanstendur af 3 veggjum en hún er opin til austurs. Tóftin er 1,2 m á stærð. Um 35 m sunnan við þessa tóft er önnur sem einnig er eitt hólf. Þessi tóft er svipuð á stærð eða 10 X 5 m. Tóft þessi er 1,5 m á hæð og op hennar vísar til austurs. Rúmlegar 40 m fyrir norðaustan þessa tóft er önnur sem er mjög gróin og 7,5 X 5 m að stærð. Hún er hlaðin að austan en engar hleðslur eru greinanlegar annarsstaðar. Tóftin er 2 m á hæð en ekki er greinanlegt op á henni. Þak þessarar tóftar hefur greinilegar hrunið ofan í tóftina líklega hefur hrunið og gróið fyrir opið í leiðinni. Í norðaustur og suðaustur hornum tóftarinnar eru hlaðnir einhvers konar stampar. 22 m norðan við þessa tóft er fimmta og síðasta tóftin. Eins og hinar tóftirnar eru hún eitt hólf, 12 X 6,5 m á stærð. Op er á tóftinni til austurs og inn eftir henni miðri er hlaðinn garður.

Hættumat: engin hættu.

Heimildir: Ö-Hólmar, bls. 3, Eskja I, 123 og Sveitir og jarðir í Múlapingi III, 144-145.

SM-134:016 *Ból*

65°03.004N 14°00.687V

"Niðri við sjó koma þá Ból. Þau draga nafn sitt af því að þar var oft bælt kvífé, og eru grasi gróin." Um 100 m norðan við beitarhúsin er hlaðinn garður upp frá sjó og upp hlíðina að klettabelti sem er þar ofarlega, nokkuð austan Eskifjarðarvegar. Garðurinn er alveg hlaðinn, hann liggur í stefnu niður að sjó en er þó svolítið hlykkjóttur.


Hættumat: engin hættu.

Heimildir: Ö-Hólmar, bls. 3.

SM-134:017 *Eneshús/Stekkjárvík* býlistóft

65°02.390N 14°01.667V

"...þar er getið um Stekkjarvík, öðru nafni Eneshús á grandanum milli Leiðarhöfða og lands, íveru- og sjóhús byggð af norskum síldveiðimanni, Enes að nafni, um 1880. Þar var búið fram yfir aldamót." Tóft er vestanmegin á Leiðarhöfða, í sjávarmálinu. Tóftin er vestan við klettaborgina sem nær frá austri til vesturs yfir Leiðarhöfða miðjan. Nokkrum metrum norðan við tóftina má greina smáhleðslur á bjargi í flæðarmálinu en þarna voru festarpláss fyrir 2 smáskip. Þarna er gróið land en klettur eru við sjávarmálið og er hluti tóftanna byggður utan í þeim. Tóftin er alveg hlaðin og er eiginlega 2 hólf. Annað er 3 X 4 m að stærð en norðaustan við það er annað hólf eða skot sem klettaveggirnir mynda.



Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 142-143 og Eskja I, 119.

SM-134:018 *Selklettur* sel

"Upp af Flateyri hétu Mýrar... þá heita Hjallar. Upp af þeim er Selklettur og ofan við hann Selklettismýrar(einhverjar tættur)." Selmýrar eru beint fyrir ofan Flateyri en ekki gat skrásetjari greint nokkrar tóftaleifar á þessum stað. Þarna skiptast á kletta- og mýrasvæði en þess á milli er mikið þýflendi. Ekki kom skrásetjari auga á neinar tóftir á þessu svæði.

Heimildir: Ö-Hólmar, bls. 3.

SM-134:019 *Biskupsstóll* þjóðsaga 65°02.302N 14°03.919V


"Þá er komið út að Hólmmum. Biskupsstóll heitir innst á Hólmagrund. Þetta eru litlir klettur í grasbrekku eins og sæti, og var sagt biskupar og prestar hefðu setið þar og lesið." Í brekkunni vestan við Grundarhús, um 40 m suðvestan við þar sem Hólshús voru er Biskupsstóll neðarlega í túni við lækjarsprænu. Biskupastóll eru nokkrir steinar sem eru næstum alveg komnir á kaf í gróður. Einn steinanna er langmest áberandi og hann er í raun sá eini sem sést eitthvað í túninu. Nokkurs konar skora eða sylla er í steininn og er líklegt að það sé það sem menn hafi talið biskup hafa setið.

Hættumat: hætta vegna túnræktar.

Heimildir: Ö-Hólmar, bls. 4.

SM-134:020 *Grundarhús* útihúsatóftir 65°02.341N 14°03.940V

"Grundarhús er í túninu og lækur fyrir utan hann" Grundarhús eru vestan við Grundarhúslæk sem rennur þarna um túnið. Tóftir Grundarhúsa sjást enn, nokkrum metrum norðaustan við Biskupsstól. Tóftir Grundarhúsa eru í þýfðu túni við lækjarsprænu. Tóftin er eitt hólf, 5 X 4 m að stærð. Norðurhluti tóftarinnar er alveg heill en suðurhlutinn hefur töluvert verið ruddur út, þó hægt sé að greina hleðslur þar.



Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hólmar, bls. 4.

SM-134:021 þjóðsaga um tröll

Gömul þjóðtrú er að tröll búi í fjallstrók upp úr firðinum sem er kallaður Skrúði. Tröllkarl þessi átti m.a. að hafa krækt sér í prestdóttur úr Hólmmum til kvonfangs og vera nokkuð liðtækur sauðabjófur en einnig hafði hann rétt mönnum hjálparhönd þegar mikið lá við og sagt er að þau

hjónaleysin hafi löngum verið velviljuð reyðfirskum sjómönnum.

Heimildir: Eskja I, 141-144.

SM-134:022 huldufólksbústaður

Mikil huldufólksbyggð á að vera í Seley og þar á m.a. að vera huldufólkskirkja, en frá því segir í sögu Ljúflings-Árna sem komst í kynni við huldufólk í eyggi, hryggbraut huldumær og hlaut bölvun að launum. Eftir hékk líf hans á bláþræði lengi vel. Einnig eru til sögur um vinnumann sem bjó í Seley heilan vetur í umsjá dóttur álfakonungs sem þar bjó. Hann komst aftur til byggða en neitaði að gangast við huldubarninu sem hann hafði getið konugsdótturinni og varð aldrei samur eftir það.

Heimildir: Eskja I, 144-149.

SM-134:023 *Fjóstunga* heimild um fjós

"Ofan við Hólmabæ í túni er Fjóstunga"

Heimildir: Eskja I, 125.

SM-134:024 *Seley* heimild um verstöð

"Í fjarðarmynni suðaustur af Krossanesi er Seley, yfirleitt ekki yfir 10 m yfir sjávarmáli, gömul verstöð sem tilheyrði Hólmakirkju."

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 136.

SM-134:025 *Krókur* heimild um býli

"Afbýli voru þrjú í Hólmalandi og sagnaörnefni eru þar nokkur. Afbýli auk Baulhúsa, sem áður eru nefnd, Krókur (annað nafn Miðhúsakrókur), þar sem Flatey er nú, fór í eyði 1757, segir Olavius, en mun hafa byggst aftur og farið í eyði um 1813 (sóknarlýs. 1843)."

Hættumat: Mikil hætta vegna álvers.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 142.

SM-134:026 *Sauðahellir* heimild um fjárhús

"Í Sauðahelli í Ytri-Hólmaborg hýstu Hólmaklerkar sauði sína í hrakveðrum."

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 143.

SM-134:027 heimild um túngarð

"Grjótgarður fyrir innan og ofan tún og grjótrétt fyrir 500-600 fjár (sjá Skriðuföll og snjóflóð)".

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 144.

SM-134:028 *Hólmarétt* heimild um rétt

"Grjótgarður fyrir innan og ofan tún og grjótrétt fyrir 500-600 fjár (sjá Skriðuföll og snjóflóð)"

"Hólmarétt er ofan við túngarðinn."

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 144 og Eskja I, 125.

SM-134:029 *Bóndavarða* heimild um vörðu


"Viti er á eyggi (Seley) byggður 1956, en eldri er Bóndavarða, mikil grjótsmíð hlaðin, 10 faðmar að ummáli og 4 álnir á hæð,..."

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 145.

SM-134:030 *Leiðarhöfn* örnefni lending

"Á dönsku sjókorti, sem teiknað er eftir mælingum frá 1881-1882, er bugurinn milli Hólma og Flateyrar merktur Leiðarhöfn (740). Kemur það heim og saman við Beskrivelse over den Islanske Kyst eftir P de Löwenörn, 4. Hefti, bls. 17, gefið út í Kaupmannahöfn 1822, en þar segir: "Det kan forefalde Tilfælde, at det er nyttigt at söge Tilflugt I Indre Röde-Fiord, og da anbefales Leiðarhöfn, en lille Bugt tæt inden for Præstgaarden Holme..." Lýsingu sína af þessum slóðum byggir Löwenörn fyrst og fremst á upplýsingum frá Premierlieutenant Graah, sem sendur var til sjómælinga við Austfirði 1821 (sjá sömu bók, bls, 1). Hér er þó vert að geta þess, að Olavius setur Leiðarhöfn rétt inn við Hólmanes, eins og síðar segir...."

Heimildir: Eskja I, 115-116.



SM-136 Sómastaðir

Jarðardýrl. 16 hdr. JJ: bls. 375 "Sómastaðir voru Kristfjárjörð ("Reyðarfjarðarhrepps fátækraeign" - J '47) og eign Kristfjársjóðs nú, Sómastaðagerði hjáleiga þaðan og Framnes grasbýli." Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 148. "Landamerki milli Teigagerðis og Sómastaða er Ljósá, sem kemur úr Ljósárdal...en Grjótá skilur lönd á milli Sómastaða og Hólma." Ö-Sómastaðir bls. 1
Tún 3,2 Ha. Garðar. 558 m²

SM-136:001 Sómastaðir bæjarhóll bústaður 65°02.169N 14°06.468V
Bærinn sem merktur er inn á túnakort af Sómastöðum stendur enn. Íbúðarhúsið er hlaðið úr blágrýti og stendur 3-4 m norðan þjóðvegar. Rétt suðaustan við nýrra íbúðarhús á svæðinu sem

er yfirgefið. Ekki er lengur búið á Sómastöðum en þar er starfrækt plöntusala yfir sumarmánuðina. Fast sunnan við húsið er malbikaður vegur en norðvestan þess er malarhlað. Norðan við íbúðarhúsið er moldarflötur þar sem sem trjárækt virðist vera að hefjast enda er plöntusalan í steyptu útihúsi sunnan bæjarins. "Gamla húsið er sérstæð og merkileg bygging reist af Hans Jakob og sonum hans um 1875. Húsið er 7,8 X 5 (utanmál), hlaðið úr blágrýti og samanbarinn smiðjumór milli steina, eikarjúffertur, líklega úr skipum, yfir gluggum. Kjallarinn mestallur í jörð, ein hæð og loft, 2 herb. niðri, 2 herb. og gangur á lofti. Þykkt veggja 80 sm, stafngluggar uppi 90 X 80 sm, en á jarðhæð 1,06 x 1 m og á kjallara 45 X 14 sm."

Hættumat: hætta vegna álvers.

Heimildir: Túnakort og Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 150.

SM-136:002 heimild um útihús 65°02.213N 14°06.423V

Um 20 m austan bæjarins (001) er merkt inn á túnakort útihús sem hefur staðið álíka norðarlega og íbúðarhúsið en hefur náð mun lengra til austurs og eiginlega staðið skáhalt en ekki til austurs/vesturs eins og íbúðarhúsið. Engar leifar útihúss sjást á þessum stað í dag enda hefur það staðið að hluta þar sem malbikaður vegur liggur nú. Útihúsið hefur verið þar sem nú er lítill grasbali austan íbúðarhússins og einnig þar sem vegurinn liggur nú yfir.

Hættumat: hætta vegna álvers.

Heimildir: Túnakort.

SM-136:003 heimild um kirkju

Samkvæmt máldögum var kirkja á Sómastöðum á 14. öld. Ekki er vitað hvar hún stóð.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Máld DI IV 227, les Wilchinsbok; Hítardalsbók DI III 233 og AM 263 fol. bl. 98.

SM-136:004 *Sandskeið* heimild um götu 65°01.921N 14°07.608V

"Rétt upp af býlinu [Framnes] er Sandskeið, reiðvegur og þjóðvegur um það." Vegurinn sem lá út Reyðarfjörð norðanmegin til forna var á svipuðum slóðum og malbikaði vegurinn liggur í dag. Á parti lá gamli vegurinn aðeins ofar og líka aðeins neðar. Á Sandskeiðinu, norðaustan við Framnes var gamli vegurinn á sama stað og malbikaði vegurinn liggur nú og voru hnit tekin þar.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Sómastaðir, bls. 1.

SM-136:005 *Þrívörður* varða 65°02.042N 14°07.162V

"Upp af Mjóeyri er mýrarfláki og í honum Háahraun. Upp af því hrauni eru Þrívörður." Ekki sést til neinna varða á því svæði sem kallað er Þrívörður við Eskifjarðarveg. Svæðið var athafnasvæði hermanna á stríðsárunum og getur því verið að hafi einhverjar leifar varðanna staðið enn hafi þegar herinn hóf framkvæmdir á þessum slóðum en engar leifar sjást nú. Klettarnir eru norðaustan við Framnes. Þarna er hraun- og klettasvæði sem ber ummerki stríðsáranna (sbr. 007).


Heimildir: Ö-Sómastaðir, bls. 1.

SM-136:006 myllutóft 65°02.257N 14°06.291V

"Mylla var utan við tún." Yst í túni, eða í raun utan túngirðingar sem í dag girðir af tún má enn greina leifar myllu. Tóftir myllunnar eru milli 70-90 m norðan vegarins til Eskifjarðar og 10-15 austan við túngirðinguna. Mylluleifarnar eru á grösugum árbakka hjá lítilli ársprænu. Hlaðin hefur verið eins konar renna í boga frá og að læknum. Renna þessi er um 14 m á lengd og samtals um 2 m á breidd. Rennan endar í eins konar ferhyrndri tóft sem er 2 x 2 að innanmáli. Nokkrar hleðslur sjást í þessari tóft og hún er öll mjög greinileg.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Sómastaðir, bls. 2; Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 149.



SM-136:007 herminjar

65°02.001N 14°07.189V


"Upp af Mjóeyri er mýrarfláki og í honum Háahraun. Upp af því hrauni eru Þrívörður." Á þeim stað sem kallaður er Þrívörður skammt sunnan Eskifjarðarveg, á Sandskeiði var á hernámsárunum herinn með nokkur umsvif. Á þessum stað var fallbyssustæði og þaðan æfðu hermenn sig að skjóta í mark. Þarna var og eftirlitsstöð og er svæðið vandlega merkt sem minjar um herminjar. Þarna er hraun- og klettasvæði og sjást þar ummerki frá stríðsárunum víða. Þarna má sjá fallbyssufestingar ásamt leifum af sandpokavirki. Á þessum stað var ysta varðstöð hersins norðan megin í Reyðarfirði og frá staðnum voru gefin merki um ferðir skipa og flugvéla í firðinum. Ofan eða norðan við veginn á sama stað gefur einnig að líta leifar ryðgaðs skúrs sem á stríðsárunum var notaður sem skýli fyrir hermenn. Svæðið er vandlega merkt frá íslenska stríðsminjasafninu.

Heimildir: Ö-Sómastaðir, bls. 1.

SM-136:008 *Hesthúsklettur* hesthústóft

65°02.289N 14°06.305V

"Hesthúsklettur [er] fyrir utan og ofan bæ." Tóftir útihúss sjást um 20 m sunnan við Hesthúsklett sem er fyrir vestan og ofan (norðan) bæ. Á þessum stað eru þýfð tún og smálækir renna bæði vestan og austan við. Tóftin er eitt hólfi og 8 X 5,5 m á stærð. Tóftin er alveg hlaðin að innan. Þykkt veggjanna er 0,8-1,0 m en tóftin er 1,5 m á hæð. Op er á tóftinni til suðurs.



Hættumat: hætta vegna álvers.

Heimildir: Ö-Sómastaðir, bls. 2 og Sveitir og jarðir í Múlaþingi III.

SM-136:009 *Gildruhraun* heimild um refagildru 65°02.690N 14°06.196V


"Neðan við Selhjalla eru Gildruhraun." Hraunið er alveg gróið. Ekki fundust vísbendingar um gildirur í hrauninu og höfðu heimildamenn ekki heyrt um að þær hefðu verið þar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sómastaðir, bls. 2.

SM-136:010 garðlag

65°02.211N 14°06.621V



Um 80 m norðvestan við gamla bæinn, í jaðri túnsins eru leifar garðlags. Garðurinn er að hluta rabbabarabeð í dag en hann er rétt austan vestasta lækjarins í túni. Garðurinn er um 100 m fyrir norðan við veginn til Eskifjarðar. Þarna eru þýfðir hagar í kring en vestan við er lækjargil. Norðan garðsins er lítið klettabelti, hann er hlaðinn að austan og

vestan en ekkert skýlir honum að sunnan.

Hættumat: hætta vegna álvers.

Heimildir: Ö-Sómastaðir, bls. 2.

SM-136:011 *Neðri-/Efri-Selhjallar* heimild um sel


"Nær Grjótá eru Efri-og Neðri-Selhjallar (rústir á öðrum)." Neðri- og Efri-Selhjallar eru fyrir ofan Sómastaði. Þar skiptast á klettabelti, þýflendi, móar og mýrar en ekki kom skrásetjari auga á tóftir og kannaðist heimildamaður ekki við sel- eða aðrar tóftir á þessum slóðum.

Heimildir: Ö-Sómastaðir, bls. 2.

SM-136:012 *Hólshús*

útihúsatóft

65°02.244N 14°06.602V



"Bæjarlækur er í túni og Hólshúslækur fyrir framan hann; þar hétu Hólshús." 5 m vestan við lækinn, þar sem hann liggur niður úr gilinu má enn sjá veggjarhleðslur sem að líkindum eru úr Hólshúsi. Um 30-40m sunnar beygir lækurinn til vesturs þannig að veggjarbrotið er í raun í lækjarkrók. Á þessum stað eru þýfð tún sem liggja að grónum klettum sem eru norðan túns. Þarna sjást 3 m norðurveggur, vesturhorn

og þaðan 2 m bútur til suðurs.

Hættumat: hætta vegna álvers.

Heimildir: Ö-Sómastaðir, bls. 2.

SM-136:013 heimild um beitarhús

"Beitarhús á Sandskeiði, 100 sauðir f. aldamót."

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlapingi III, 149.

SM-136:014 heimild um beitarhús


"Beitarhús á Sandskeiði, 100 sauðir f. aldamót. Önnur á Teigum rétt neðan við veg inni á Björgum, frá Bakkagerði"

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlapingi III, 149.

SM-136:015

hleðsla

65°01.706 N 14°07.023 V



Nær miðja vegu milli Framness og Sómastaðagerðis, þó heldur nær Framnesi (450 m) og niður við sjó, vestan Mjóaness, eru mannvirki við flæðarmál. eru þau yst á litlum og grýttum tanga en sendnar víkur á báða bóga. Þau eru afar vandlega hlaðin úr mjög stóru

fjörugrjóti. Vestast er um 6 m langur veggur sem liggur N-S, þ.e. í átt til sjávar. Um 5 m austan hans gengur annar veggur fram og af svipaðri lengd. Við suðurenda þeirrar hleðslu er 7 m langur kantur sem gengur til austurs og hefur upphaflega gengið hornrétt aftur til norðurs, meðfram austurbrún tangans og inn í kverkina sem er milli tanga og víkur. Hér og þar hefur hrunið úr þessum hleðslum. Þær eru víða um 30-50 sm háar, en allt að 1,10 m þar sem hæst er. Ekki liggja fyrir heimildir um aldur mannvirkjanna en ljóst er að þetta eru e.k. hafnarbætur og af yfirbragði þeirra má ráða að þær séu frá fyrri hluta 20. aldar.

Hættumat: mikil hætta vegna álvers.


SM-136:016


tóft

Um 70 m norðan við víkina sem liggur austan 007 en vestan Mjóaness vottar fyrir lítilli tóft. Beint upp af víkinni er stakur hóll, grösugur og reglulegur í lögun, brattari sunnan en sléttari norðan. Á honum miðjum er tóftin. Hún snýr u.þ.b. NNV-SSA, 5 m löng og um 4 m breið. Suðvesturhorn er horfið, en dyr gætu hafa verið nyrst á austurvegg. Gæti þarna hafa verið sjóbúð en ritaðar heimildir geta hennar ekki.

Hættumat: mikil hætta vegna álvers.

65°01.755 N 14°06.952 V





Jarðardýrl. Hjáleiga frá Sómastöðum

Tún 2,6 Ha. Garður utan túns, 220 m² "Túnnum og engjum er skipt ekki beutilandi, og á S. engjar upp fyrir bæ á Sómastöðum fyrir utan Heimaá. Fyrr var löngum stundaður sjór og búskapur lítill. Gamla túnið var raklent og þýft, grasgefið í þurrkatíð, og engjar álíka og á Sómastöðum, mýrar heima við. Þær hafa nú verið þurkaðar og ræktaðar og komin stór tún, þar sem áður voru bleytuslægjur."Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 150.

SM-137:001 Sómastaðagerði bæjarhóll bústaður 65°02.016N 14°06.371V
 "Sómastaðagerði er gömul hjáleiga frá Sómastöðum og í sama eignarhaldi alla tíð (Kristfjárjörð). Býlið er ekki nefnt í manntölum 1703 eða 1816, en er komið á jarðaskrá 1847 (JJ'47). Bæjarhús eru 500-600 m neðan og nær sjó en Sómastaðir." Steinsteyppt hús var byggt á þessum stað um 1918 en það var endanlega rífið fyrir nokkru og nú eru engar leifar þess að þarna hafi verið búskapur. Þarna er sléttað malarhlað en á því stendur gamall úr sér genginn vörubíll. Samkvæmt fyrirliggjandi teikningum mun álver í Reyðarfirði verða byggt á bæjarstaði Sómastaðagerðis.


Hættumat: mikil hætta vegna álvers.

Heimildir: Túnkort og Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 150.

SM-137:002 tóft

65°01.911 N 14°06.471 V

Tóft stendur á klöpp sem myndar lágan hól skammt utan túns, um 140 m SV frá bæjarhól, en 40 m vestan lækjar. Hún snýr að mestu A-V, aflöng, með dyr vestarlega á nyrðri langvegg. Að utanmáli er hún um 8 m löng, og 4 m breið. Að innanmáli er hún 5,5 m löng og 2,5 m breið. Grjót er í veggjum og eru þeir um 1 m breiðir. Er þetta væntanlega útihús frá Sómastaðagerði.



Hættumat: mikil hætta vegna álvers.

SM-137:003 hleðsla

65°01.753 N 14°06.440 V

Niður við sjó, niður með læk um 200 m beint í suður frá tóft 002, er hlaðið mannvirki við flæðarmál. Þar er stakur hóll, fremur hár og um 10 m í þvermál. Er hann grösugur og jafn en hvílt ofan í hann að ofan. Ekki er að sjá mannvirkjaleifar ofan á hólnum, en manngerður virðist hann vera að einhverju leyti, því í vesturkantinum neðst er greinileg hleðsla úr grjóti. Er hún úr meðalstóru fjörugrjóti, snýr nánast N-S, og sjást um 12 metrar af henni við hólsræturnar.

Hættumat: mikil hætta vegna álvers.

SM-137:004 hleðsla

65°01.821 N 14°06.297 V


Um 250 m sunnan við bæjarhólinn og 100 m austar en 003 grjóthleðsla í bakkanum við fjöruna. Er hægt að rekja hana um 7 m leið, frá N til S. Hún er um 80 sm breið og 40-50 sm há, en ekki úr stóru grjóti. Hugsanlegt er að hún hafi náð frá fjörubakkanum og alla leið út í sjó, því um 10 m sunnar, þ.e. í flæðarmálinu, vottar fyrir steinaröð sem gæti hafa verið framald á henni til suðurs.

Hættumat: mikil hætta vegna álvers.

SM-137:005 tóftir

65°01.814 N 14°06.219 V

Um 260 m sunnan við bæinn og um 50 m austan við 003 er hlaðið mannvirki. Skiptist það í tvö hólf: hið vestara er ferhyrnt að lögun, um 3 m á hvorn veg. Engar dyr eru sjáanlegar. Fast við austurvegg þess er annað hólf, opið í suðurenda, á móts við sjóinn. Norðurgafllinn er um 3 m langur, en að innanmáli er tóftin um 2,5 m. Austurveggurinn er 8 m langur. Hleðslurnar í veggjunum eru úr grjóti, um 40 sm breiðar en misháar, allt frá 20 sm og um eða yfir 1 m.



Um 35 m austan við 005 er steypur húsgrunnur sem stendur á sjávarkambinum.

Hættumat: mikil hætta vegna álvers.

SM-137:006 tóft

65°01.916 N 14°06.215 V

Í túninu, um 40 m suðaustur frá bænum stóð timburkofí sem fallið hefur nýlega. Eru timburleifar þar á víð og dreif. Hefur hann staðið í eldri tóftum, en ummerki þó svo óljós að ekki verður slegið á þau máli.

Hættumat: mikil hætta vegna álvers.

Heimildir:

Fornleifastofnun Íslands

Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson (ritstj.) 1994- *Ísleif*. Gagnagrunnur FSÍ. Reykjavík.

Örnefnastofnun Íslands:

Ö-Hólmar. (Guðmundur Sveinsson tók saman).

Ö-Sómastaðir. (Hans Jakob Beck tók saman).

Þjóðskjalasafn Íslands:

Túnakort fyrir Hólma

Túnakort fyrir Hraun

Túnakort fyrir Sómastaðagerði

Túnakort fyrir Sómastaði

Prentaðar heimildir:

Án höf., Álver: Hraun- Reyðarfirði. Hönnun og ráðgjöf.

Eskja: Bókin um Eskifjörð I og II, Eskifjörður, 1977.

Olavius, Olaus: *Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777* I-II, Reykjavík 1964-65.

SJM: Sveitir og jarðir í Múlapingi.III, Egilsstaðir, 1976.

Túnakort fyrir Flóinn

* 008 Torgarhús




 001 bæjarhóll

*004 Hólshús

 002 kirkjugarður

*019 Biskupstóll
* 020 Grundarhús

751.




hönnun og ráðgjöf
 V E R K F R Æ Ð I S T O F A

Austurvegi 20
 700 Reyðarfirði
 Sími : 470 4000
 Fax : 470 4001
 Netfang : hogr@hogr.is

Miðvangi 2-4
 700 Egilsstöðum
 Sími : 470 4050
 Fax : 470 4051
 Heimasíða : www.hogr.is

E	HRAUN	M. -
D	REYÐARFIRÐI	H. -
C	IÐNAÐARSVÆÐI - ORKUFREKUR IÐNAÐUR FORNLEIFAR OG AÐRAR MINJAR	T. KÓ
B		Y. -
A	5/6 2000	ESKJUBR9905 FORNMINJUGN
Dags:	MAI 2000	SKV.
Breytingar:		1:7500 / 1:10000 [A3/A4]

Staðsetningar leiðréttar [KÓ]



Sómastaðatindur

Hólmatindur

Eskifjörður

Efri-Selhjallar

Neðri-Selhjallar

Gildruhraun

Gjótá

Selklettur

003 Völvuleiðir

016 Ból

015 Baulhús

014 Árnaból

006 hleðsla

007 Eneshús/Stekkjárvík

Leiðarhöfði

Hólmanes

Hólmanes

011 tóft

009 Trönaust

005 Krökur/Flateyri

010 tóft

012 Hörganes

006 m. Lutóft

Sómastaðir

007 Vanhöll

Hraun

Sómastaðir

005 tóftir

004 hleðsla

005 Þrívörður

004 Sandskeið

007 herminjar

002 tóft

006 tóft

Mjóanes

003 hleðsla


016 tóft

015 hleðsla

Reyðarfjörður

N

1km



ATH: SKEMATISKT FYRIKOMULAG
STAÐSETNING HUSA ER EKKI ENDANLEG
OG GETUR BREYST INNAN LÖÐAR

IÐNAÐARSVÆÐI FYRIR ORKUFREKAN IÐNAÐ
SAMKVÆMT ADALSKIPULAGI 1990-2010

hönnun og ráðgjöf
VERKFRÆÐISTOFA

Austurvegi 20
730 Reyðarfirði
Sími : 470 4000
Fax : 470 4001
Netfang : hogr@hogr.is

Miðvangi 2-4
700 Egilsstöðum
Sími : 470 4050
Fax : 470 4051
Heimasíða : www.hogr.is

E	ÁLVER HRAUN - REYÐARFIRÐI		M. -
D			H. -
C	IÐNAÐARSVÆÐI ORKUFREKUR IÐNAÐUR		T. KÓ
B			Y. -
A	-		REKMIL9702 A3-7-IS.DGN
Dags:	DAGS. Júní 1999	SAMP.	MKV. 1:7500

Breytingar: